

Almenn erindi**1. 2006268 - Hönnunarstaðall, endurskoðun 2020**

Uppfærsla á hönnunarstaðli Hafnarfjarðarbæjar
Þessa dagana stendur yfir vinna við uppfærslu á hönnunarstaðli Hafnarfjarðarbæjar og þar með á merki bæjarins. Unnið er að uppfærslu á merkinu þannig að það standist tímans tönn því kröfur nútíma miðla eru breyttar og landslagið annað. Mikið af íslenskum stofnunum og fyrirtækjum hafa verið að fara í gegnum sambærilega þróun. Uppfærsla á hönnunarstaðli nær einnig til leturgerðar, lita og til lengri tíma litið útlits á öllu því efni sem Hafnarfjarðarbær sendir frá sér.

Kynninguna halda þau Högni Högnason (mætti ekki) og Katla Hrund Karlsdóttir hjá H:N Markaðssamskiptum.

Árdís Ármannsdóttir samskiptastjóri og Andri Ómarsson verkefnastjóri mæta til fundarins.

Engin gögn – kynning lögð fram á fundinum.

Samtal verið í gangi frá því í mars við Árdísi, Andra og Sigurjón. Markaðsefnið var af ólíkum toga. Til að skapa sterkt vörumerki þurfa allir snertifletir að vera í samræmi. Grunnvinnan farin af stað – lógóíð (litir og letur – en ekki endanlega útfærð auglýsing). Vitinn rótgróið merki og ekki hugmyndir um að breyta því en uppfæra. Vitinn er þessi blái með öldunum undir. Á stafrænum miðlum verða línurnar þunnar (t.d. á heimasíðunni). Þörf á að styrkja vitann til að mæta kröfum nútímamiðla. Sýnir t.d. dæmi frá merki Reykjavíkurborgar – þróa skjöldin svo hann henti ólíkum miðlum. (Íslandsbanki líka og Vegagerðin). Merkin afbakast oft í stafrænu útgáfunum. Merkið færi á allar stofnanir t.d. Hafnarfjörður bókasafn, hafnarfjörður Lækjarskóli ...

Til umhugsunar:

- Hvenær var ákveðið að fara í þessa vinnu? ... Hvar var tekin ákvörðun um það? Gerðum við það? Ef ekki, af hverju? ... og af hverju þetta þá hér nú?

2. 2006627 - Sorpa bs.

Lagðar fram tillögur sem samþykktar hafa verið af stjórn Sorpub bs. Til afgreiðslu.

Til fundarins mæta Birkir Jón Jónsson formaður stjórnar, Helgi Þór Ingason framkv.stjóri, Birgir Björn Sigurjónsson og Páll Guðjónsson.

Í fylgibréfi eru stuttlega kynntar þrjár tillögur:

Efni: Tillögur vegna fjármála SORPU bs

Á undanförnum mánuðum hefur farið fram viðamikil greiningarvinna og tillögugerð vegna fjármála SORPU bs. Settar hafa verið fram þrjár tillögur og þær samþykktar af hálfu stjórnar SORPU bs mánudaginn 22. júní. Sama dag samþykkti eigendavettvangur SORPU bs. fyrirbyggjandi tillögur og fól stjórn samlagsins að ljúka vinnslu þeirra og í framhaldi yrðu tillögurnar sendar til sveitarstjórna til efnislegrar umræðu og afgreiðslu.

Tillögurnar eru eftirtaldar og fylgja með erindi þessu:

- Tillaga 1: Viðauki við eigendasamkomulag frá 25. október 2013 v. meðhöndlunar úrgangs í Álfsnesi.
- Tillaga 2: Aðgerðir til að takast á við vanda vegna ófjármagnaðra fjárfestinga SORPU bs. Í tillögunni kemur fram skipting fjárframlaganna milli sveitarfélaganna.
- Tillaga 3: Almenn kynning gjaldskrárbreytinga til að mæta kostnaði vegna hertra krafna um meðferð úrgangs.

Tillaga 1 – Viðauki við eigendasamkomulag: Til stóð að allri urðun í Álfsnesi yrði hætt í lok árs 2020 en núgildandi starfsleyfi vegna urðunar gildir til 23. maí 2035 með takmörkunum sem byggja á eigendasamkomulaginu.

Gaja tekur til starfa í júní 2020 og samhliða er unnið að aðgerðaráætlun um breytta meðhöndlun og förgun úrgangs sem leiðir m.a. af sér minni þörf á urðun. SORPA verið að vinna með sorpsamlögum á suðvesturhorninu að framtíðarlausn.

Úrvinnsla og framkvæmd þeirra aðgerða kallar á frestun lokunar urðunarstaðsins til að ljúka innleiðingu á breytingunum. Eigendur samþykki því breytingar:

- 1) Tímabundin framlenging til takmarkaðrar nýtingar á urðun í Álfsnesi 21-23
- 2) Skilyrði og aðgerðir vegna takmarkaðrar nýtingar (Gými lokað, úrbætur ...)
- 3) Eftirfylgni – fulltrúar frá Sorpu og Mosó í eftirlit
- 4) Lokunaráætlun eftir 2023 – áætlun um lokun liggi fyrir í árslok 2022
- 5) Neyðarleyfi – viðbrögð ef upp koma óviðráðanleg atvik (bruni o.þ.h.)

Tillaga 2 – viðauki – áætlun um fjármögnun

Fjármögnun í þ.kr. - Tillaga	2020	2021	2022	2023	2024
Ný langtímalán vegna SORPU bs.	0	300.000	0	0	0
Greiddar afborganir langtímalána SORPA	-218.235	-202.692	-203.748	-185.993	-817.658
Greiddar afborganir langtímalána SORPA ný lán	0	-30.000	-30.000	-30.000	-30.000
Skammtíma bankalán	1.100.000	-1.100.000	0	0	0
Stofnfjárukning vegna gasgerðarstöðvar/urðun	500.000	500.000	0	0	0
Fjármögnun SORPA	1.381.765	-532.692	-233.748	-215.993	-847.658
Ný langtímalán vegna endurvinnslustöðvanna	0	0	400.000	800.000	600.000
Greiddar afborganir langtímalána EVST	-45.948	-19.099	-19.667	-20.253	-10.351
Fjármögnun með EVST	1.335.817	-551.791	146.585	563.754	-258.010

Tillaga 2 – Aðgerðir til að takast á við vanda vegna ófjármagnaðra fjárfestinga

Rifjað upp að heildarkostnaður vegna GAJA er um 5.312 milljónir króna og við bætist kostnaður vegna tækjabúnaðar í móttöku- og flokkunarstöð í Gufunesi um 833 m.kr.

Að óbreyttu er félagið fjárhagslega ósjálfbært og vanfjármagnað.

Unnið hefur verið að hagræðingaraðgerðum og fjárhagslegri endurskipulagningu. Í tillögunni er fjallað um tvo þætti:

1. Stofnframlög eigenda samlagsins.

Lagt til að eigendur leggi til alls 1.000 m.kr. en í upphaflegri áætlun frá 2014 var gert ráð fyrir 500 m.kr. í stofnframlög. Skiptist á árin 2020 og 2021. Aukin stofnframlög vinna gegn lækkun eiginfjárlutfalls og draga úr lántökupörf og fjármagnskostnaði.

Skipting stofnframlaga á sveitarfélögin er sýnd í eftirfarandi töflu.

Sveitarfélag	Hlutföll m.v. 1.des 2019	jún 2020	sept 2020	2021	Alls
Reykjavík	56,34%	169.020.000	112.680.000	281.700.000	563.400.000
Kópavogur	16,30%	48.900.000	32.600.000	81.500.000	163.000.000
Hafnarfjörður	12,88%	38.640.000	25.760.000	64.400.000	128.800.000
Garðabær	7,26%	21.780.000	14.520.000	36.300.000	72.600.000
Mosfellsbær	5,18%	15.540.000	10.360.000	25.900.000	51.800.000
Seltjarnarnes	2,04%	6.120.000	4.080.000	10.200.000	20.400.000
Samtals		300.000.000	200.000.000	500.000.000	1.000.000.000

2. Endurskoðun á staðfestri fjárfestingar- og fjármögnunaráætlun samlagsins.

Nauðsynlegt þykir að auka nokkuð fjárfestingar 2020 og 2021 en á móti er dregið úr þeim á seinni hluta tímabilsins. Sjá yfirlit yfir fjárfestingar í töflu í fylgiskjali.

Tillaga 3 – Gjaldskrárbreytingar til að mæta kostnaði vegna hertra krafna um meðferð úrgangs

Nauðsynlegt að innleiða nýja gjaldskrárstefnu sem styður við sjálfbærni og tekur mið af forgangsröðun við meðhöndlun úrgangs.

Í tillögunni er gerð grein fyrir hagræðingu í rekstri samlagsins og breytingum á gjaldskrá.

- Hagræðingaraðgerðir hafa nú þegar skilað hagræðingu sem nemur 31 m.kr. fyrir árið 2020 og munu að óbreyttu skila 121 m.kr. á tímabilinu 2020-2022. Þegar allt er talið saman muni hagræðingarátakið skila að jafnaði 80 m.kr. á ári, á tímabilinu 2020-2024
- Breytingar á gjaldskrá – kemur ekkert fram annað en rökstuðningur fyrir hækkun

Farið yfir kynningu frá fulltrúum SORPU.

Viðauki við eigendasamkomulag

- Fram til 2026 þarf að taka 120þ tonn úr urðun yfir í aðra farveg
- Gaja dregist um tvö ár
- Tímabundin framlenging til takmarkaðrar nýtingar á urðunarstaðnum í Álfsnesi og ákveðin skilyrði sett upp vegna þeirrar takmörkuðu nýtingar (sjá ofar).

Fjármögnun framkvæmda

- Tillaga um aukin stofnframlög. Upphaflega áttu stofnframlög frá eigendum að vera 700 m.kr. en voru lækkuð í 550 m.kr. í áætlun 2019. Tillagan núna að eigendur leggi 1 ma til viðbótar eða alls 1,55 ma. 500 m.kr. á árinu 2020 og 500 m.kr. á árinu 2021.
- Helstu ástæður: vanmat í áætlun og óhagstæð útboðsskilyrði (1,4), magnaukning (477 m.kr.), verðbætur, aukaverk og hækkun á Aikan (tæpar 400 m.kr.)
- Fjárfestingaráætlun – Nauðsynlegt þykir að auka nokkuð fjárfestingar 2020 og 2021 en á móti er dregið úr þeim á seinni hluta tímabilsins.
- Gjaldskrár – mismunandi sviðsmyndir skoðaðar. Gjaldskrá geti tryggt sjálfbærni félagsins. Gætt að því að gjaldskrá fyrir hvern flokk standi undir áætluðum kostnaði við vinnuferli hans. Verkefnið framundan að ákveða gjaldskrána.

Umbylting starfseminnar framundan – gamlir tekjupóstar detta út og því þarf að endurhugsa samlagið. Hertar reglur um meðferð úrgangs.

- Fyrst og fremst horft til lágmörkunar úrgangs, þá endurvinnsla og flokkun. Urðun síðasti kostur.
- Hringrásarhagkerfi – horfið frá línulegu hagkerfi (framleiða – nota – henda).
- Tala um „efnisstrauma“ frekar en „úrgang“
- Gjaldskrá þarf að styðja við þetta – verði stjórnþæki til að hafa áhrif á hegðun.

Umræður

- Ekki tekjur af því að flytja úrgang úr landi (spurt um það). Segja að samkeppnisaðili fái greitt frá sveitarfélaginu til að flytja úrganginn úr landi.

3. 1905382 - Skóla- og frístundaakstur

Kynnt tilboð sem komu í skóla- og frístundaakstur fyrir grunnskóla og frístundaheimili Hafnarfjarðar 2020-2024.

Guðmundur Ragnar Ólafsson innkaupastjóri og Hálfán Þórir Markússon verkfræðingur mæta til fundarins.

Tilboð opnuð 18. júní. Fjögur tilboð. Eitt undir kostnaðaráætlun (Hópbílar).

- Kostnaðaráætlun 330.000 (verðin eiga við samsettar einingar – ekki beint verð)
- Hópbílar 273.625
- SBA Norðurleið 386.000
- Teitur Jónasson 441.500
- Hópfærðamiðstöðin 430.000

Með fylgir einnig yfirferð og samantekt (n.k. minnisblað) þar sem kemur m.a. fram:

- *Kostnaðaráætlun byggir á fyrri samningi, sem var gerður í lok árs 2015, að teknu tilliti til verðlagsbreytinga. Hópbílar hf. eiga lægsta tilboðið og eru að bjóða sömu krónutölu og þeir buðu í lok árs 2015. Verði samið við Hópbíla hf. er ávinningur Hafnarfjarðarbæjar, m.v. núverandi samning, lækkun á kostnaði sem nemur samningsbundnum hækkunum frá árinu 2015.*

Raggi fer yfir:

- Hópbílar kolefnisjafna
- Tóku við akstursþjónustu fyrir fatlað fólk í gær – og allt gekk smurt
- Tölurnar eru samsettar einingar í útboðinu en heildarupphæðin miklu hærri.

4. 1811336 - Neyðarstjórn Hafnarfjarðarkaupstaðar 2018-2022

Farið yfir stöðuna. Til umræðu.

Engin fylgigögn – RG upplýsir að neyðarstjórn hafi veir kölluð saman sl. mánudag vegna hópsmita. Vera að skerpa á áminningum um hreinlæti og fjarlægðarmörk.

5. 2005370 - Krýsuvíkirkirkja, land, gjöf

Lagt fram erindi frá Ríkiseignum f.h. ríkissjóðs Íslands um að afhenda Hafnarfjarðarkaupstað til baka lóð undir Krýsuvíkirkirkju sem gefin var Þjóðminjasafni árið 1964.

Lítið um þetta að segja. Spurning hvaða kostnað þetta hafi í för með sér fyrir svfélagið.

Búið að gera kirkjuna upp og afhenda formlega þjóðminjasafninu. Unnið áfram í samræmi við minnisblað bæjarlögmanns. Í kjölfarið verður gerður lóðarleigusamningur.

6. 2001431 - Vesturgata 8

Til afgreiðslu.

Búið að ákveða að selja AndreU.

Hvað með tölvuleikjafólkið? Var rætt við þau um að finna annan stað kannski??

- Þeir höfðu víst skilning á því að þeirra starfsemi hentaði ekki þarna.
- AndreA vildi ekki hækka tilboðið – gera ráð fyrir ákv. endurbótum.
- Í minnisblaði segir: „Artwerk ehf hefur óskað eftir því að kaupandi verði Otho ehf, kt. 621216-1390 sem er í eigu sömu aðila. Ekki eru gerðar athugasemdir við.“
- Kaupsamningurinn er samt í nafni Artwerk. Þarf að skoða eitthvað.
- Tilboð samþykkt frá Otho ehf og kaupsamningurinn verði gerður þannig.

7. 2006309 - Stofnframlag, Þroskahjálp, Vinabær, umsókn um stofnframlag frá Hafnarfjarðarkaupstað

Lögð fram umsókn Þroskahjálpar, landssamtökum um stofnframlög frá Hafnarfjarðarkaupstað vegna byggingar búsetukjarna að Stuðlaskarði 2-4 fyrir Vinabæ.

Er þetta gamla málið loksins að hafast í gegn??

Fylgigögn:

- Villjayfirlýsing Hafnarfjarðar og Þroskahjálpar (frá 1/7 2019 – Stuðlaskarð 4)
- Ársreikningur húsbyggingasjóðs 2018
- Fylgiskjal 4 ((feb 2019 – Kröfulýsing þjónustu og rekstrar íbúðarkjarna – Stuðlaskarð)
- Þroskahjálp, yfirlýsing Hafnarfjarðarkaupstaðar um stofnframlag, almennar íbúðir (19/6 2020 – ný yfirlýsing um stofnframlag og úthlutun á Stuðlaskarði 2-4 – 6 íbúðir)
- Fleiri gögn en eitthvað af því er það sama

Samþykkt ... loksins.

8. 1702065 - Leikfélag Hafnarfjarðar, húsnæði

Lagður fram afnota- og rekstarsamningur við Leikfélag Hafnarfjarðar um afnot af kapellunni í St. Jó. Tillaga um að framlengja samninginn um eitt ár.

Samningur fylgir. Ekki verður farið í framkvæmdir á Kapellunni strax.

9. 1801099 - Kaplakriki, framkvæmdir

Lögð fram svör fyrir fyrirspurnum bæjarfulltrúa Guðlaugar Svölu Steinunnar Kristjánsdóttir sem lagðar voru fram á fundi **bæjarráðs 10. júní** s. l.

Enginn fundur í bæjarráði 10. júní! Þetta var í bæjarstjórn.

Fyrirspurnir GK:

- 1) Óskað er eftir upplýsingum um ferlið sem framundan er vegna uppgjors í samræmi við rammasamkomulag bæjarins og FH.
- 2) Sérstaklega er óskað eftir upplýsingar um endanlegum tölum um verðmat einstakra húsa. Ljóst er að bærinn er hvorki að byggja né kaupa Skessuna, heldur kaupa önnur hús. Óskað er eftir samantekt á því hvernig heildarupphæð rammasamkomulagsins (790m) skiptist á hinar keyptu eignir.
- 3) Hvernig uppgjóri um þau er háttað (tengist sp. 2, um kaupverð).
- 4) Hvenær og hvernig eignum verði þinglýst á víxl milli aðila
Komið hefur fram að í dag á bærinn 80% hlut á móti 20% FH í

Íþróttahúsinu/parkethúsinu, en í vinnu við rammasamkomulagið hefur verið reiknað með því að fullnustaður verði gjafagjörningur frá 1989 og húsið þar með fært að 100% í eigu FH, til þess svo að kaupa það aftur að fullu miðað við fram komið verðmat.

- 5) Spurt er hvenær sá gjafagjörningur verði fullnustaður og hvernig. Hér spyr ég nánar um upphæðir, þ.e. hvert er bókfært verð 80% eignar bæjarins í dag. Hvenær og hvernig hún verði gjaldfærð og með hvaða hætti fullnustun gjafagjörningsins verði færð til bókar. Sbr. spurningu 2, hvert er nýtt kaupverð hússins og hvernig verður bókfærslan á því (kaup/eign). Einnig er spurt um uppfyllingu annarra ákvæða í 8. grein samþykktarinnar frá 1989, þ.e. hvað varðar starfsmannahald og rekstur hússins o.s.frv. sem andlag við gjafagjörningnum.
- 6) Spurt er hvort í samþykki eignaskiptayfirlýsingar felist að samþykkja gjafagjörninginn sem um ræðir, frá 1989.
- 7) Einnig væri gott að fá yfirlit yfir stöðu uppgjörs samkvæmt rammasamkomulaginu, miðað við ársreikning 2019 virðist mér að ekki sé að fullu búið að greiða þá upphæð sem í samkomulaginu felst. Hér vil ég bæta við spurningu um það hvort framkvæmdum við Skessuna er lokið og óska eftir því að endanlegt uppgjör vegna byggingarinnar verði lagt fram.
- 8) Á eftir að greiða lokagreiðslu á grunni rammasamkomulags?
- 9) Hvaða skref eru semsagt eftir í þessu ferli og hvernig verða þau stigin?
- 10) hver tekur saman minnisblaðið/svörin við þessum spurningum? Óska eftir að minnisblaðið sé undirritað.
- 11) er búið að aflétta veðum af þeim eignum sem færast samkvæmt eignaskiptayfirlýsingunni yfir á bæinn?

Tvö excelskjöl lögð fram (verðmat Kaplakriki og eignaskiptasamningur)

Verðmat (listi yfir útreikning, heildarkostnaður, verð pr fermeter og söluverð)

- Parkethús – söluverð: 359.650.131
- Risinn – söluverð: 297.803.017
- Dvergurinn – söluverð 151.343.681
- **Samtals: 808.796.829** (noh! þeir eiga inni smotteri)

Skil ekki alveg excelskjalið með eignaskiptum

GK þakkar framlögð svör.

10. 2001560 - Húsnæði stjórnarsýslunnar

Lögð fram tímaáætlun starfshópsins með beiðni um að starfshópurinn skili skýrslu sinni í apríl 2021 í stað október 2020.

11. 2006129 - Vikurskarð 2, umsókn um lóð

Lögð fram umsókn Dropasteins ehf. um lóðina nr. 2 við Víkurskarð.

Nú erum við bærarstjórn og getum samþykkt.

12. 2005521 - Hverfisgata 52B, lóðarleigusamningur

Lögð fram drög að lóðarleigusamningi um Hverfisgötu 52B sem er í samræmi við gildandi deiliskipulag.

Þetta er Gerðið (við Lækjarskóla).

Tengist næsta máli. Virðist eiga að skipta lóðinni upp og stofna nýja sunnan við Gerðið sem yrði skólabraut 5. Á að byggja þar þá???

Gert að frumkvæði bæjarins (eins og í vesturbænum – verið að taka stórar gamlar lóðir og búa til auka lóð).

13. 2003276 - Skólabraut 5, ósk um stofnun lóðar

Lagður fram lóðarleigusamningur um Skólabraut 5 sem er í samræmi við gildandi deiliskipulag.

14. 1908056 - Suðurgata 67, lóðarleigusamningur

Lagður fram til samþykktar endurnýjaður lóðarleigusamningur um Suðurgötu 67 þar sem lóðin er tilgreind í samræmi við gildandi deiliskipulag.

Endurnýjun sýnist mér. Húsið er á sölu og þarf að endurnýja samninginn. Vísað er í erfðafestusamning. Óljóst hvort hann sé útrunninn. Erum ekki að gera nýjan erfðafestusamning heldur bara hefðbundinn lóðarleigusamningur.

15. 2006752 - Víðistaðakirkja, viðhaldsframkvæmdir, umsókn um styrk

Lagt fram bréf frá formanni sóknarnefndar Víðistaðakirkju dags. 24.júní sl.

Kemur fram að árið 2017 hafi verið unnið að viðgerðum á freskunum ásamt því sem veggir og loft var málað. Samtímis var unnið að þéttingu á þaki til að koma í veg fyrir leka. Það hefur ekki dugað til og stendur sóknin því frammi fyrir kostnaðarsömum viðhaldsframkvæmdum. Kostnaðarmat upp á 53,7 m.kr. Beðið um 20 m.kr. styrk. Við styrktum þetta eitthvað þarna 2017 ef ég man rétt.

Lagt fram í bili. Verið að sækja um styrki á fleiri stöðum. Fylgjust aðeins með þróuninni.

16. 1906335 - ÞG verk ehf, skaðabótakrafa vegna útboðs, knatthús í Kaplakrika 2018

Lögð fram ~~matsgerð dómkvadds matsmanns~~ matsskýrsla.

Matsskýrsla vegna alútboðs fyrir knatthúsi í kaplakrika – mat á væntum hagnaði.

Niðurstaðan: Áætla má að hagnaður verktaka hefði verið 4,8% af samningsfjárhæð. Hún að frádregnum virðisauka er 997.952.745 og því má áætla að hagnaður hefði verið 47.901.732 án vsk.

Þetta er krafan og væntanlega málaferli í kjölfarið. Settum samt klausu í útboðið um að það mætti hafna öllum tilboðum.

17. 1603516 - Lyngbarð 2, Þorlákstún, uppbygging og stöðuleyfi

Lagður fram dómur héraðsdóms frá 19.júní sl.

Dómsorð (í stuttu máli): Viðurkennt að leiguréttindi séu fallin niður. Stefnda ber að víkja af lóðinni og pola að lóðarleigusamningi verði aflýst.

Aðili þarna fær 4ha lóð þarna undir garðyrkjustöð. Í framhaldinu fær hann gefins Marteinhús sem var flutt þarna upp eftir og hefur gert upp. Eftir útkomu þéttingaskýrslunnar 2016 keyptu aðilar garðyrkjufélagið (í skýrslunni kom fram að þarna mætti byggja). Daginn eftir er komið 2ma veð á lóðina. Fyrirspurn barst um byggingu 300 íbúða á svæðinu. Lögfræðialit fengið. Niðurstaðan var að fá lóðina til okkar þar sem garðyrkjustöðin var aldrei byggð. Farið í riftunarferli sem endaði í héraðsdómi. Verður

líklega áfrýjað.

18. 1703022 - Hornsteinar gegn Hafnarfjarðarkaupstað, dómsmál, Hamranesskóli hönnun og ráðgjöf

Lagður fram dómur Landsréttar frá 26. júní s. l.

Dómsorð: Hafnað er kröfu áfrýjanda, Hafnarfjarðarkaupstaðar, um frávísun málsins frá héraðsdómi.

Hinn áfrýjaði dómur er ómerktur og málinu vísað heim í hérað til munnlegs málflutnings og dómsálagningar að nýju.

Málið fer þá í annan hring. Nokkuð jákvæð niðurstaða skv. ÍB.

19. 2006278 - Beiðni sveitarstjórnarráðherra, fasteignaskattsálagning 2021

Lagt fram bréf frá Sambandi Íslenskra sveitarfélaga vegna bréfs samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytis vegna álagningu fasteignaskatts 2021.

Við bætast fjögur mál frá þeim úr skip- og bygg ... og svo þrjú frá mér

Hlíðarbrautin (Skip og bygg)

Hjallabraut

Flatahraun

Fornubúðir

1. Verður **tekið fyrir á næsta fundi** og endurskoðandi fenginn.

Mér hafa borist ábendingar um mál sem tekið var fyrir á fundi eftirlitsnefndar um fjármál Íþróttá- og æskulýðsfélaga þann 20. maí sl. Í fundargerð nefndarinnar er þetta bókað svona:

2. 2001273 - Lán barna- og unglingaráðs knattspyrnudeildar FH til aðalstjórnar

Á fundi Íþróttá- og tómsbundanefndar 13.12.2019 var eftirfarandi lagt fram: Íþróttá- og tómsbundanefnd óskar eftir upplýsingum frá eftirlitsnefnd um fjármál Íþróttá- og æskulýðsfélaga um hvort hún hyggist taka fyrir lán frá barna- og unglingaráði knattspyrnudeildar Fimleikafélags Hafnarfjarðar til meistaraflokks sömu deildar.

Í framhaldi af fyrirspurn frá Íþróttá- og tómsbundanefnd var Viðar Halldórsson sérstaklega spurður út í mál sem kom upp haustið 2019 eftir umræðu í fjölmiðlum þar sem aðalstjórn fékk lán frá barna- og unglingaráði. Samkvæmt Viðari var þetta ekki lán heldur hlutdeild barna og unglingastarfs í sameiginlegum stjórnunar kostnaði við rekstur knattspyrnudeildar félagsins eins og fram kemur í ársreikningi knattspyrnudeildar. Samkvæmt Viðari verður þessi háttur hafður á hér eftir.

Mér finnst mikilvægt að fá upplýsingar um þetta mál og hvort litið sé á þetta sem endanlega afgreiðslu. Einnig hvort þessa niðurstöðu sé búið að kynna Barna- og unglingaráði knattspyrnudeildar og/eða foreldrum.

2. 2001110 - Sumarstarf Hafnarfjarðarbæjar 2020 – **Ekki lagðar fram tölur**

Á fundi bæjarráðs þann 4. júní sl. var farið yfir stöðuna og lagt fram minnisblað um stöðu ráðninga í sumarstörf á vegum Hafnarfjarðarbæjar eins og hún var þann 25. maí 2020.

Óskað er eftir að uppfærðum tölum um ráðningar í sumarstörf.

- Hversu margar umsóknir bárust?
 - Hversu margar af þeim umsóknum falla undir nýsköpunarstörf sem bæjarstjórn auglýsti nú í vor sem hluta af Covid-19 aðgerðaráætlun?
- Hversu margir voru ráðnir í sumarstörf á vegum Hafnarfjarðarbæjar 2020?
 - og hversu margir af þeim vegna nýsköpunarstarfa í tengslum við Covid-19 aðgerðaráætlun?
- Hversu margir af þeim sem ráðnir voru eru 17 ára og yngri?
- Hversu margir af þeim sem ráðnir voru eru 18 ára og eldri?
 - Óskað er eftir fjölda 18-19 ára og 20 ára og eldri
- Hversu mörgum umsóknum var hafnað? ... og á hvaða forsendum?
- Hversu margar umsóknir voru dregnar til baka?

3) HS-Veitur – óskað eftir gögnum og skýringum (sendi tölvupóst um kl. 20 miðvikudagskvöld – átti að fara fyrir en eitthvað klikkaði)

- Og hvenær var þessi Sigurður Nordal ráðinn?
- Hvernig stendur á því að fólk út í bæ fær gögn sem bæjarfulltrúar hafa ekki fengið en hafa þó óskað eftir?

Spurningar:

- prócessin við kaupin
- viðgerðir / viðhald / málun

Fundargerðir

20. 2001560 - Húsnæði stjórnarsýslunnar

Lögð fram fundargerð starfshópsins frá 29.júní sl.

Fundargerðin fylgir ekki.

21. 1811306 - St. Jó. framkvæmdahópur

Lögð fram fundargerð frá 18. júní sl.

„Bæjarráð Hafnarfjarðar samþykkti á fundi sínum 20. maí sl. að leggja Lífsgæðasetri St. Jó. til 50 milljónir kr. til þess að ljúka framkvæmdum utanhúss og ljúka við bruna- og fallvarnir hússins. Framkvæmdirnar eru ákveðin forsenda þess að hægt sé að halda áfram með framkvæmdir innanhúss.“

22. 2006016F - Hafnarstjórn - 1576

Lögð fram fundargerð hafnarstjórnar frá 16.júní sl.

23. 2001039 - Heilbrigðiseftirlit Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæðis, fundargerðir 2020

Lögð fram fundargerð heilbrigðiseftirlits Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæðis frá 29.júní sl.

24. 2006022F - Menningar- og ferðamálanefnd - 351

Lögð fram fundargerð menningar- og ferðamálanefndar frá 24.júní sl.

25. 2001037 - Sorpa bs, fundargerðir 2020

Lögð fram fundargerð stjórnar SORPU bs. frá 22.júní sl.

26. 1909104 - SORPA bs, eigendafundir, fundargerðir 2019-2020

Lögð fram fundargerð 24.eigendafundar Sorpu bs. frá 22.júní sl.

